

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/9/EB frá 23. janúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leyfa fyrir díkvat sem þar eru sett ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/30/EB frá 13. mars 2006 um breytingu á viðaukanum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benómýlflokkinn ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/33/EB frá 20. mars 2006 um breytingu á tilskipun 95/45/EB að því er varðar sólsetursgult FCF (E 110) og titandíoxíð (E171) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/34/EB frá 21. mars 2006 um breytingu á viðaukanum við tilskipun 2001/15/EB að því er varðar skráningu tiltekinna efna ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/252/EB frá 27. mars 2006 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/37/EB frá 30. mars 2006 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar skráningu tiltekinna efna ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

l. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 22, 26.1.2006, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 75, 14.3.2006, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 82, 21.3.2006, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 83, 22.3.2006, bls. 14.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 91, 29.3.2006, bls. 48.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 32.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/9/EB, 2006/30/EB, 2006/33/EB, 2006/34/EB og 2006/37/EB og ákvörðunar 2006/252/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2006

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE):
„– **32006 L 0030**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/30/EB frá 13. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 75, 14.3.2006, bls. 7).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 46b (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB):
„– **32006 L 0033**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/33/EB frá 20. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 82, 21.3.2006, bls. 10).“
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32006 L 0009**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/9/EB frá 23. janúar 2006 (Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2006, bls. 24),
– **32006 L 0030**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/30/EB frá 13. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 75, 14.3.2006, bls. 7).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):
„– **32006 D 0252**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/252/EB frá 27. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2006, bls. 48).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zi (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/15/EB):
„– **32006 L 0034**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/34/EB frá 21. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2006, bls. 14).“
6. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32006 L 0037**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/37/EB frá 30. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 32).“